

Reglur
um námsvist nemenda í framhaldsnámi
við lagadeild Háskóla Íslands samkvæmt 6. mgr. 93. gr. reglna fyrir
Háskóla Íslands

samþykktar á deildarfundum 26. febrúar 2008 með breytingum samþykktum á deildarfundum 22. febrúar 2011 og breytingum samþykktum á deildarfundum 6. nóvember 2012.

1. gr.

Lagadeild getur heimilað að námsvist nemanda, sem stundar framhaldsnám við deildina til meistaraþrófs, við fyrirtæki eða stofnun, sem hlotið hefur viðurkenningu lagadeildar samkvæmt 3. gr., verði metin sem hluti af framhaldsnámi til meistaraþráðu, þó að hámarki 6 ECTS einingar alls.

2. gr.

Námsvist skal hafa það að markmiði að þjálfa nemanda í að vinna lögfræðitengd störf undir eftirliti lögfræðings hjá stofnun eða fyrirtæki, sbr. 3. gr.

Námsvist í merkingu þessara reglna felur í sér fullt starf eða hlutastarf nemanda, launað eða ólaunað, hjá stofnun eða fyrirtæki, sbr. 3. gr., þar sem unnið er að verkefnum á sviði lögfræði. Þar undir fellur meðal annars hvers kyns ritun lögfræðilegra skjala, rannsóknarvinnu, t.d. lögfræðileg heimilda- og gagnaöflun, aðstoð við opinberar nefndir, vinna að setningu reglna eða opinberra skýrslna, aðstoð við dómstörf eða störf nefnda í stjórnslu og önnur sambærileg lögfræðistörf.

160 klst. á 4-8 vikna tímabili í námsvist, sbr. 1. og 2. mgr., skal að jafnaði metin til 6 ECTS eininga í framhaldsnámi.

3. gr.

Námsvist samkvæmt reglum þessum fer fram hjá stofnun eða fyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu lagadeildar samkvæmt þessari grein.

Stofnun eða fyrirtæki, sem ræður nemanda í námsvist, skal senda námsnefnd stutta greinargerð um þau störf sem nemendur í námsvist vinna og hvernig þau störf samrýmast 1. og 2. mgr. 2. gr. þessara reglna. Þá skal koma fram hvaða starfsmaður eða starfsmenn hjá hlutaðeigandi stofnun eða fyrirtæki hafi umsjón með námsvist og eftirlit með því að hún fullnægi kröfum þessara reglna.

4. gr.

Nemandi skal leggja fram umsókn um námsvist eins fljótt og kostur er, þó eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að námsvist lýkur. Með umsókn skal fylgja skýrsla um störf nemanda, sem undirrituð er af starfsmanni fyrirtækis eða stofnunar, sbr. 2. mgr. 3. gr. Á þeim grundvelli leggur námsnefnd mat á hvort og þá að hvaða marki námsvist verði metin sem hluti af framhaldsnámi hlutaðeigandi.

Námsnefnd lagadeildar hefur umsjón með afgreiðslu umsókna um mat á námsvist og skal nefndin fjalla um umsóknir eins fljótt og kostur er.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 6. mgr. 93. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, og taka þær gildi frá og með skólaárinu 2008-2009.

Ákvæði til bráðabirgða

Námsnefnd skal þegar við samþykkt reglnanna á deildarfundum lagadeildar hefja undirbúning að viðurkenningarferli stofnana og fyrirtækja samkvæmt 3. gr.